

Akureyri, 14. janúar 2015

GREINARGERÐ MEÐ ÚTGÁFU STARFSLEYFIS FYRIR MATORKU EHF. GRINDAVÍK

INNGANGUR

Matorka ehf. hefur verið veitt starfsleyfi fyrir framleiðslu á allt að 3.000 tonnum á ári, af bleikju og borra til manneldis. Leyfið gildir ekki til slátrunar. Starfsleyfið gildir til 14. janúar 2031.

Umhverfisstofnun auglýsti opinberlega tillögu að starfsleyfi á tímabilinu 28. ágúst til 28. október 2014.

Tillagan var auk opinberrar auglýsingar, sérstaklega send til umsagnar hjá Grindavíkurbæ, Skipulagsstofnun, Matvælastofnun, Fiskistofu, Heilbrigðisnefnd Suðurnesja, Golfklúbbi Grindavíkur, Íslandsbleikju Grindavík, Dýrfiski hf., Hafrannsóknarstofnun, Fiskistofu, Orkustofnun, Slökkviliði Grindavíkur og Matorku ehf.

ATHUGASEMDIR UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ UMHVERFISSTOFNUNAR

Umsagnir og athugasemdir komu frá þremur aðilum á auglýsingatímanum. Eftirfarandi kom fram:

- Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við tillögu að starfsleyfi Matorku ehf., Grindavíkurbæ.
- Hafrannsóknarstofnun gerir ekki athugasemd við tillögu að starfsleyfi Matorku ehf., Grindavíkurbæ.
- Slökkvilið Grindavíkur gerir ekki athugasemd við tillögu að starfsleyfi Matorku ehf., Grindavíkurbæ.
- Heilbrigðisnefnd Suðurnesja bendir á að gera mætti betur skil á staðsetningu fyrirtækisins og staðsetningu á frárennslisopi til sjávar. Aðrar athugasemdir voru ekki gerðar.
 - Umhverfisstofnun bendir á að þar sem svæðið er enn óbyggt þá eru ekki til nánari útskýringar á staðsetningu lóðarinnar en koma fram á deiliskipulagi Grindavíkurbæjar fyrir svæðið, en þar er það merkt sem iðnaðarsvæði I5. Varðandi frárennslisopi þá er talað um í umsókninni að skólpið verði leitt í rotþró á lóðinni í samræmi við gildandi reglugerðir en frárennslisopi frá fiskeldiskerunum verði leitt til sjávar í Arfadalsvík, um eins metra svert rör. Endi þess verður í steypum stökki í fjörunni og verður reynt að láta hann falla sem best að



umhverfinu. Sótt hefur verið um undanþágu til Heilbrigðisnefndar Suðurnesja vegna gr. 9.2 í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, með vísan í gr. 9.7 sömu reglugerðar og var hún veitt þann 9. janúar sl.

AÐRAR BREYTINGAR SEM UMHVERFISSTOFNUN GERÐI FRÁ AUGLÝSTRI TILLÖGU

- Að ósk umsækjanda hefur Umhverfisstofnun breytt nafni fyrirtækisins úr IceAq ehf, yfir í Matorku ehf.
- Umhverfisstofnun bætti við starfsleyfið frá auglýstri tillögu, kafla um umhverfisábyrgð sem hljóðar svo: Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- Breyting var gerð á gr 1.1 þar sem setningunni: Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og frágangur og starfsemi skal vera í samræmi við gildandi deiliskipulag var bætt við síðustu málsgreinina.
- Umhverfisstofnun gerði smávægilegar breytingar á gr. 1.2. Þar var bætt við orðinu *Grindavíkurbæjar* í þriðju línu fyrstu málsgreinar.
- Í gr. 1.6 var bætt við textanum: Í áætluninni skal alltaf gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif og skal tryggja að ekki sé skilið eftir hráefni. Einnig skal vera ákvæði um næstu endurskoðun hennar. Og brott fellur: Áætluninni skal skila eigi síðar en 31. desember 2014. Í henni skal vera ákvæði um reglulega endurskoðun. Hvort sem rekstur stöðvast varanlega eða vegna tilfallandi vinnslustöðvunar skal alltaf lágmarka möguleg mengunaráhrif og skal tryggja að ekki sé skilið eftir hráefni eða kyrrstætt fráveituvatn.
- Í gr. 4.5 var felldur brott textinn: Skila skal drögum að neyðaráætlun fyrir 15. janúar 2015. Í áætluninni skal vera ákvæði um reglulega endurskoðun hennar. Í stað hans var sett inn setningin: og skal endurskoðuð reglulega.
- Innsláttarvillur og orðalag lagað á stöku stað.